

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. janúar 2007
KG/KSG/002/07

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um embætti landlæknis.

Með bréfi, dags. 10. nóvember 2006, var þess óskað að Tryggingastofnun ríkisins gæfi umsögn um drög að frumvarpi til laga um embætti landlæknis. Tryggingastofnun telur mjög til bóta að setja eigi sérstök lög um embætti landlæknis þar sem skýrt verði kveðið á um starfsemi og heimildir embættisins. Tryggingastofnun telur rétt að drepa á nokkrum atriðum í tengslum við efni frumvarpsins.

- Lög og stjórnvaldsfyrirmæli leggja ýmiss konar skyldur á heilbrigðisstofnanir og heilbrigðisstarfsfólk, til dæmis er kveðið á um vottorða- og upplýsingagjöf í lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 og 15. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000. Þegar um er að ræða opinberar heilbrigðisstofnanir ber þeim einnig skylda til þess að fylgja stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og upplýsingalögum nr. 50/1996. Þeim heilbrigðisstarfsmönnum sem halda bókhald og gefa út reikninga er einnig skylt að fara eftir bókhaldslögum nr. 145/1994 í þeim efnunum. Tryggingastofnun telur mikilvægt að eftirlit landlæknis lúti ekki eingöngu að því að heilbrigðislöggjöf sé uppfyllt heldur einnig að heilbrigðisstarfsfólk og -stofnanir uppfylli þær skyldur sem lagðar eru á þær í öðrum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Nauðsynlegt er að úrræði séu fyrir hendi ef heilbrigðisstarfsfólk neitar að gefa út vottorð eða láta af hendi sjúkraskýrslur t.d. eins og skylt er samkvæmt 15. gr. laga um sjúklingatryggingu. Tryggingastofnun telur heppilegt að kveðið yrði á um eftirlit með þessu, t.d. í 7., og 13. gr. frumvarpsins. Jafnframt þyrfti að vera unnt að beita ákvæðum í III. kafla frumvarpsins um áminningu og önnur viðurlög ef heilbrigðisstarfsfólk brýtur gegn þessum skyldum sínum.
- Í frumvarpinu er eingöngu gert ráð fyrir að einstaklingar geti kvartað til landlæknis vegna samskipta við veitendur heilbrigðisþjónustu, sbr. 12. gr. frumvarpsins. Tryggingastofnun telur mikilvægt að aðrir en einstaklingar geti leitað til embættisins vegna samskipta við heilbrigðisstarfsfólk, en eins og áður sagði er í ýmsum lögum gert ráð fyrir samskiptum stofnana við heilbrigðisstofnanir og -starfsfólk, svo sem í lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 og lögum um sjúklingatryggingu nr. 111/2000. Brýnt er að þessar stofnanir geti leitað til landlæknis, sinni heilbrigðisstarfsfólk ekki þeim skyldum sem eru lagðar á það samkvæmt viðkomandi lögum.




- Ríkar rannsóknar- og eftirlitsskyldur eru lagðar á landlækni samkvæmt ákvæðinu. Tryggingastofnun telur rétt að benda á að hvergi í frumvarpinu er gert ráð fyrir að landlæknir geti kallað sjúklinga til skoðunar og að skortur á slíku ákvæði getur valdið sönnunarvandkvæðum. Slíkt ákvæði yrði þó að skoða í því ljósi að um er að ræða inngrip í friðhelgi einkalífs viðkomandi sjúklinga og því þarf að gæta fyllstu varúðar þegar þess háttar ákvæði eru sett.

Eru framangreindar athugasemdir samhljóða þeim athugasemdum um frumvarpið sem Tryggingastofnun gaf heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu með bréfi, dags. 1. september 2006. Einnig telur Tryggingastofnun rétt að benda á að þar sem með frumvarpinu er embætti landlæknis falið að taka flóknar stjórnvaldsákvæðanir sem snerta mikilvæg réttindi heilbrigðisstarfsmanna telur stofnunin æskilegt að í 2. gr. frumvarpsins verði kveðið á um að hjá embættinu starfi jafnframt einstaklingur með embættispróf í lögfræði..

Að öðru leyti hefur Tryggingastofnun ekki sérstakar athugasemdir við frumvarpið og telur mjög jákvætt að sett verði heildarlög um embætti landlæknis.

Virðingarfyllst,



Karl Steinar Guðnason, forstjóri

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

